

b. Umferð um Arnarnes nýtur forgangs fyrir umferð um Hegranes og Súlunes (biðskylda.)

2. Bifreiðastöður:

Bannað er að stöðva bifreiðar og leggja þeim beggja megin á Vífilstaðavegi frá Hafnarfjarðarvegi að vestan að Stekkjarflöt að austan.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað að öðru leyti en því, að ákvæðið um biðskyldu farartækja, sem aka um Súlunes að Arnarnesi tekur gildi þegar götur þessar hafa verið tengdar saman.

Bæjarfógetinn í Garðakaupstað, 8. desember 1978.

Einar Ingimundarson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bifreiðastöður eru hannaðar á Hrauntungu að sunnanverðu við götuna milli Vogatungu og Grænutungu.
2. Umferð um Urðarbraut milli Borgarholtsbrautar og Kársnesbrautar njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð aðliggjandi gatna, þannig að umferð þeirra viki fyrir umferð um Urðarbraut, samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsg. 48. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 20. desember 1978.

Sigurgeir Jónsson.